

SVEINSPRÓF Í SNYRTIFRÆÐI

Sveinsprófnefnd skipa:

Aðalmenn:

Kristrún Sif Gunnarsdóttir

Erla Björk Guðlaugsdóttir

Sunna Björk Karlsdóttir

Varamenn:

Guðríður Lára Gunnarsdóttir

Karen Jóhannsdóttir

Linda Pálsdóttir

STARFSREGLUR OG FRAMKVÆMD

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á prófþáttalýsingu, skilgreiningu á vægi prófþátta og framkvæmd sveinsprófa.

KYNNING FYRIR PRÓFTÖKUM

Fundur vegna framkvæmdar sveinsprófsins er haldinn með próftökum í vikunni fyrir próf, þar fá þátttakendur nákvæmar upplýsingar um framgang prófsins. Öllum próftökum er boðið að koma í þann skóla sem prófin eru haldin hverju sinni. Farið er yfir allar reglur prófanna og svarað spurningum próftaka um einstök atriði. Umsjónarmaður frá skólanum tekur svo við og sýnir aðstöðuna, tæki og hvað er til staðar fyrir próftakana.

PRÓFSTAÐUR

Verklegi hluti sveinsprófs í snyrtifræði fer fram eftir atvikum í viðeigandi skóla. Bóklegi hluti sveinsprófs í snyrtifræði fer fram í IÐAN fræðslusetur. Sveinsprófstaki fær nánari upplýsingar frá IÐUNNI fræðslusetri eigi síðar en þremur vikum fyrir próf.

AÐSTAÐA

Til að leysa verkefni í sveinsprófi í snyrtifræði þarf nemi að hafa viðeigandi efni, tæki og áhöld samkvæmt lista hverju sinni nema annað sé tekið fram. Sveinsprófsnefnd hefur tekið út aðstöðu og metið að prófaðstaðan sé fullnægjandi. IÐAN fræðslusetur og forsvarsmenn þess staðar þar sem prófin fara fram gera með sér samkomulag um afnot sveinsprófsnefnda af húsnæði fyrir sveinsprófin.

Sveinsprófsnefndarmenn eru þeir einu sem hafa heimild til að vera viðstaddir í prófi nema annað sé ákveðið fyrirfram og ber þá að upplýsa próftaka sérstaklega.

PRÓFÞÆTTIR OG VÆGI

Sveinspróf skiptist í tvo meginhluta, verklegt og skriflegt, þar sem lágmarkseinkunn úr hvorum hluta er 4,5 til að standast próf. Verklegi hluti prófsins skiptist í

- Litun og plokkun/vax
- Andlitsmeðferð
- Líkamsnudd
- Vaxmeðferð
- Handsnyrting
- Fótsnyrting
- Förðun

Hver prófþáttur í verklega þættinum hefur jafn mikið vægi þar sem lágmarkseinkunn úr hverjum prófþætti er 4,5.

SKRIFLEGT PRÓF

Skriflega prófið stendur frá 09:00 – 12.00. Reiknað er með að prófsvörunin taki um tvo tíma. Línur eru við hverja spurningu og á svarið að miðast við það. Hægt er að fá útskýringar ef eitthvað er óljóst hjá yfirsetumanni. Ekki er boðið upp á sjúkrapróf. **Nauðsynlegt** er að fylla inn á prófblöðin **netfang** og verða einkunnir sendar á það netfang.

Greiða þarf sveinsprófgjald og efnisgjald ef það á við fyrir próftöku. Einnig þarf að greiða efnisgjald til próftökustaðar. Hægt að greiða það áður en bóklega prófið byrjar.

VERKLEGT PRÓF

Í verklegu sveinsprófi sitja yfir tveir til þrjú prófdómarar og einn yfirdómari. Ekki er leyfilegt að setja upp aðstöðuna fyrir verklegu prófin fyrr en á prófdegi. Próftaki mætir á prófstað kl. 7:10 og undirbýr prófaðstöðu, setur upp áhaldaborð, stól og annað sem til þarf áður en prófið hefst stundvíslega kl. 8:30. Hægt er að undirbúa öll herbergi fyrirfram. Koma má með öll efni og tæki, en þau eru líka til staðar á próftökustað ef próftaki vill nýta sér það. Nauðsynlegt er að próftaki komi með öll smááhöld, svo sem naglaklippur, naglabandaklippur, plokkara og fl. Mælt er með því að gerður sé gátlisti svo ekkert gleymist.

Slökkva þarf á sínum. Ekki er leyfilegt að vera með myndavél í verklega prófinu og ekki er leyfilegt að koma með námsbækur eða annað skriflegt efni.

Próftaki framkvæmir hverja meðferð eins og hann er vanur að vinna á snyrtistofu en ákveðin prófþáttalýsing kemur fram hér fyrir neðan þar sem gert er sérstaklega grein fyrir hverjum verkþætti.

Þegar uppgefinn tími fyrir hverja meðferð er liðinn verður próftaki að stöðva, þó hann sé ekki búinn.

Ef próftaki nær ekki klára meðferð innan tímamarka er sá hinn sami fallinn í viðkomandi prófþætti.

Öll módel eru á aldrinum 25-65 ára, eru án frábendinga og hafa verið skoðuð af prófnefnd. Módel skulu vera með andlitsfarða, maskara, varalit/gloss og lakk á höndum sér þegar þau mæta í prófið.

PRÓFÞÁTTALÝSING.

Próftaka er úthlutað módeli, einu fyrir hádegi og öðru eftir hádegi. Próftaki tekur á móti módelum eins og um sé á snyrtistofu að ræða. Prófdæming hefst frá þeim tíma er próftaki tekur við módeli sínu. Hver þáttur hefur jafnt vægi. Hægt er að fá mest 100 stig fyrir hvern þátt.

LITUN, VAX OG PLOKKUN

45 mínútur. (8:30 – 9:15)

Í litun og plokkun þarf að sýna litun á augnhár og augabrúnir, ásamt plokkun, vax á augabrúnir er valkvætt. Prófdómari skoðar eftir yfirborðshreinsun á augum hvort allur augnfarði sé fjarlægður og einnig að próftíma loknum.

Yfirborðshreinsun augu (5)

Útlit, vinnustaða, áhaldaborð, hreinlæti, framkoma, viðmót, umhyggja fyrir viðskiptavinum, vel búið um, vinnuröðun, handþvottur, snyrtimennska með lit og frábendingar (5).

Við ásetningu litar (5) á augnhár er tekið tillit til aðferðar, magn, og notkun augnpúða.

Við fjarlægingu lita (5) á augnhár er aðferð og handbragð við hreinsun metin auk þess sem metið er hvort viðskiptavinur upplifir sviða sviða og hvað valdi sviðanum.

Útkoma á augu (15) eftir litun er eftirfarandi skoðað: að vel sé litað upp að augnhvörmum, ekki litur í húð, litaval, magn litar og endanleg útkoma, hvort hún hæfir viðskiptavininum. Augabrúnir eru litaðar (5) og ber þá að nota viðurkenndar aðferðir við ásetningu og mótun augabrúna. Plokkun/vax (25) og mótun. Beita skal plokkara skv. viðurkenndum aðferðum, hár skulu vera kippt út með viðeigandi hætti, rétt notkun á vaxi og að öll hár sem á að fjarlægja séu farin. Nauðsynlegt er að sýna fram á beitingu á plokkara, leyfilegt er að nota vax og klippa augabrúnir ef við á. Endanleg útkoma (35) er metin, hvort að brúnir séu vel mótaðar og samsvari sér, tekin sé mið af augnumgjörð og andlitsfalli og að litaval passi eða séu skv. óskum viðskiptavinar.

Klára verður meðferðina innan tímamarka og hætta að vinna um leið og klukkan hringir.

ANDLITSMEDFERÐ

1 klst og 30 mínútur. (9:30 – 11.00)

Persónulegt hreinlæti og handþvottur sem og innþökkun á módeli er metinn hjá próftaka(10).

Yfirborðshreinsun (8). Þegar henni er lokið skoðar prófdómari módelið.

Húðgreiningin (20) er færð inn á uppsett blað fullgert og skilað í lok andlitsmeðferðar. Það sem koma þarf fram á greiningarblaðinu er húðgerð, markmið meðferðar, verk- og vörulýsing og hvers vegna ákveðin vara er notuð, sem og ráðleggingar til viðskiptavinar. Ef fram kemur að meðferð hentar ekki viðkomandi, látið þá prófdómara vita t.d. ef viðkvæmni kemur fram í nuddi eða ofnæmisviðbrögð. Prófdómari skoðar sérstaklega rétt val á hreinsivörum, magn, aðferð, árangur, allur farði sé fjarlægður.

Djúphreinsun með gufu eða hita, velja skal aðferð við hæfi.

Sýna skal kreistun (6).

Sýna þarf meðhöndlun með rafmagnstæki (13) sem hæfir viðeigandi húðgerð.

Andlits-, herða- og höfuðnudd (20) skal framkvæma skv. viðurkenndum aðferðum. Framkvæma skal 20 mínútna andlits-, herða- og höfuðnudd.

Maski (10) fyrir viðeigandi húðgerð að lágmarki í 10 mín.

Viðeigandi krem (20) velja skal krem og serum sem hentar húðtegund skv. greiningu.

Klára verður meðferðina innan tímamarka og hætta að vinna um leið og klukkan hringir.

LÍKAMSNUDD

20 mínútur. (11:10 – 11.30)

Próftaki vísar viðskiptavininum á nuddbekkinn og undirbýr hann fyrir heilnudd. Síðan verður próftaka sagt hvaða líkamshluta skal nudda. Í þessum þætti eru skoðað hvernig próftaki undirbýr og tekur á móti viðskiptavininum eins hvernig innpökkun á sér stað (10). Metið er hvort handþvottur á sér stað sem og hvort búið sé að fara yfir frábendingar (12) Einbeiting próftaka er metin (8) Nuddflæði er metið (15). Við meðferðina er beiting aðferða á vöðva með tilliti til dýptar skoðuð (15). Nuddtækni er metin (10) Slökun og vellíðan hjá módeli er metin (10). Líkamsstaðapróftaka við nuddið er metið (10) Notkun á kremi og öðrum efnum eru metin, að þau séu í samræmi við meðferð (5).

Klára verður meðferðina innan tímamarka.

VAXMEÐFERÐ, PRÓFTÍMI EKKI TILGREINDUR.

11.30

Próftaki tekur á móti módeli eins og hún sé að koma til hennar í vax í fyrsta skipti. Próftaka verður sagt hvaða líkamshluti verður vaxaður. Próftaki skal gæta ýtrasta hreinlætis og undirbúa þarf módelið fyrir vaxmeðferðina skv. viðurkenndum aðferðum (20). Ásetning skal vera framkvæmd skv. viðurkenndum aðferðum (10). Sýna þarf fram á að vax sé fjarlægt á réttan hátt þ.e. að strekkt sé á húð, vax sé fjarlægt í rétta átt og að þrýst sé á húðina á eftir. Sýna þarf viðeigandi eftirmeðferð (10). Árangur og frágangur tækja/áhalda er metin, öll hár skulu vera farin af svæðinu sem og vax (40). Ráðleggja á viðskiptavininum um hvað má og ekki má eftir meðferð, athuga frábendingar (10).

12:00 Hlé í eina klukkustund. Próftaki skiptir um módel.

HANDSNYRTING

1 klst. og 15 mínútur. (13.00 – 14.15)

Próftaki skal gæta ýtrasta hreinlætis bæði hvað varðar persónulegt hreinlæti sem og við umgengni og frágang tækja og áhalda (10). Prófdómari skoðar hendur áður en tíminn er settur af stað. Nauðsynlegt er að gera fulla handsnyrtingu með bónþjölun ásamt viðeigandi meðferð. Heildarmótun skal vera jöfn

og í samræmi við hendur viðskiptavinar. Aðferð og áhaldanotkun við naglabönd séu skv. viðurkenndum aðferðum (50) Við sérmeðferðir skal beita viðeigandi aðferðum (sér meðferðir?). Nudd skal kalla fram slökun og einkennast af góðu flæði og vera a.m.k 6 mín eða lengra (10). Nota skal í lökkun, undirlakk, ósanserað lakk með sterkum lit, 2 umf. og yfirlakk (30). Prófdómari skoðar hendur eftir fituhreinsun og fyrir lökkun (tekur stutta stund). Ekki má nota hraðþurrkandi efni á neglur eftir lökkun fyrir skoðun prófdómara.

Klára verður meðferðina innan tímamarka og hætta að vinna um leið og klukkan hringir.

FÓTSNYRTING

1 klst. og 15 mínútur. (14.30 – 15.45)

Próftaki skal gæta ýtrasta hreinlætis bæði hvað varðar persónulegt hreinlæti, umgengni og frágang tækja og áhalda sem og umhyggja til viðskiptavinar og frábendingar (10). Prófdómari skoðar fætur fyrir fótsnyrtingu, áður en próftími byrjar. Próftaki gerir greiningu áður en sett er í fótabað og fyllir úrt greiningarblaðið með verk, vörulýsingu og hvað þið ráðleggið á meðan viðskiptavinurinn er í fótabaði. Allir viðskiptavinir fara á sama tíma í fótabað í 7 mín. Skila þarf fullri fótsnyrtingu. Móta og klippa þarf neglur, og fínþjala (20). Aðferð og áhaldanotkun við naglabönd séu skv. viðurkenndum aðferðum (20). Hnífanotkun er leyfileg og skoðaður er árangur fótröspunar (15). Prófdómari skoðar fætur fyrir nudd og lökkun (tekur stutta stund). Nudd skal kalla fram slökun og einkennast af góðu flæði og vara í a.m.k. 6 mín (10). Neglur skulu lakkaðar með lakki með sterkum lit, 2 umferðir og yfirlakki (25). Ekki má nota hraðþurrkandi efni á neglur eftir lökkun fyrir skoðun prófdómara.

Klára verður meðferðina innan tímamarka og hætta að vinna um leið og klukkan hringir.

FÖRÐUN

1 klst. 16.00 – 17.00

Förðun skal vera kvöldförðun. Sýna þarf kunnáttu í að hylja roða og bauga ef þurfa þykir. Setja skal farða, púður, augnskugga með skyggingu, augnblyant/eða eyeliner og maskara. Móta þarf brúnir, setja kinnalit, varablyant og varalit. Farði og púður skal hæfa húðgerð, lit og vera rétt borin á (20). Litaval, blöndun augnskugga, notkun blyanta og maskara skal og hæfa viðskiptavininum og tilefninu (25). Mótun og litaval á augabrúnum er metið (10) Mótun, áferð og litaval á vörum (20). Staðsetning, litaval, blöndun á kinnalit (15). Heildarútliti viðskiptavinar (10).

Klára verður meðferðina innan tímamarka og hætta að vinna um leið og klukkan hringir.

Þegar prófi er lokið u.þ.b kl. 17.00 þarf að ganga vel frá eftir sig, losa ruslafötur, setja þvott í körfur og passa að taka eingöngu það sem þú komst með. Módel verða spurð í lok dags um hvaða ráðleggingar próftakar hafa gefið þeim í meðferðinni.

EINKUNNAGJÖF

Einkunn 10 vísar til þess að	95% - 100% markmiða var náð
Einkunn 9 vísar til þess að	85% - 94% markmiða var náð
Einkunn 8 vísar til þess að	75% - 84% markmiða var náð
Einkunn 7 vísar til þess að	65% - 74% markmiða var náð
Einkunn 6 vísar til þess að	55% - 64% markmiða var náð
Einkunn 5 vísar til þess að	45% - 54% markmiða var náð
Einkunn 4 vísar til þess að	35% - 44% markmiða var náð
Einkunn 3 vísar til þess að	25% - 34% markmiða var náð
Einkunn 2 vísar til þess að	15% - 24% markmiða var náð
Einkunn 1 vísar til þess að	0% - 14% markmiða var náð

SKIL Á EINKUNNUM OG PRÓFSÝNING

Öllum próftökum verða sendar einkunnir í tölvupósti um leið og úrlausn prófa er lokið, þó ekki seinna en þrem dögum eftir verklegt próf. Öllum próftökum er boðið að koma á prófsýningu og skoða bóklega prófið og fá útskýringar á verklega hlutanum. Dagsetning prófsýningar er að finna á upplýsingablaði til próftaka frá ÍÐUNNI fræðslusetri.

Skriflegum úrlausnum er eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd. Um meðferð kærumála gildir reglugerð nr. 698/2009 um sveinspróf.

ALMENNAR REGLUR

- Próftaki skal mæta til prófs á réttum tíma. Minnst 15 mín. fyrir próf.
- Próftaki má hafa með sér gögn og verkfæri sem tilgreind eru í upplýsingabréfi.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan próf stendur yfir skal það gert í samráði við prófdómara.
- Ef próftaki mætir 15 mín. of seint í próf getur hann átt á hættu að vera vísað frá prófi.
- Innan þriggja daga frá því að síðasta verklega prófi lýkur fer prófsýningin fram og sveinsprófstaki er upplýstur skriflega um hvort hann hafi náð sveinsprófi eða ekki. Nánari sundurliðun á einkunn liggur ekki fyrir á þeim tíma. Úrlausnir skulu vera tilbúnar eigi síðar en fjórum vikum eftir próf. Sveinsprófstaki getur óskað eftir nánari skýringum á prófverkefningu. Endurtaka er aðeins leyfð á næsta haustannar- eða vorannarprófi.
- Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði.
- Ef staðfesting frá viðeigandi fagaðila um námsörðugleika liggur fyrir fær sveinsprófstaki sérúrræði samkvæmt mati. Viðbótartími hámark 30 mín. með undantekningum.
- Ef próftaki er haldinn ákveðnum prófkvíða skal hafa samband við náms- og starfsráðgjafa hjá ÍÐUNNI fræðslusetri við skráningu í sveinspróf.

Þessar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar.